

Landsáætlun í skógrækt

Undirritaður er sammála drögum að landsáætlun í skógrækt í öllum meginatriðum. Vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri bæði um landsáætlunina sjálfa og einnig sérálit sem henni fylgir.

Athugasemdir við „LANDSÁÆTLUN Í SKÓGRÆKT 2021-2025“

Meginmarkmið 1. Skógrækt stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins.

- Á bls. 9 stendur eftirfarandi: „Stefnt verður að áframhaldandi uppbyggingu innlendrar skógarauðlindar til nytja, verndar og endurheimtar. Íslendingar munu seint geta framleitt allar þær skógarafurðir sem þeir nota, en reynsla undanfarinna áratuga sýnir að hægt sé að framleiða þó nokkurn hluta þeirra innanlands og í leiðinni skapa störf, efla byggð og minnka kolefnisfótspor vegna innflutnings.“ Þessi klausa sýnir metnaðarleysi í skógrækt og ætti frekar að standa að „stefnt skuli að því að Íslendingar verði sjálfum sér nógir um skógarafurðir enda sýni núverandi ræktunarárangur að það sé vel hægt með tíð og tíma. Landrými er mikið og það er ábyrgðarleysi og ósjálfbær stefna að byggja framtíð timburnytja Íslendinga á skógarhöggi í öðrum löndum“.

Meginmarkmið 2. Skógar og skógrækt verði lykilþættir í því að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040 og bindi eftir það meira kolefni en það losar. Skógar verði jafnframt aðlagðir loftslagsbreytingum.

- Til að hámarka árangur í bindingu kolefnis með skógrækt ætti að leggja höfuðáherslu á ræktun hraðvaxta stórvaxinna trjategunda á láglandi. Sér í lagi á þetta við inn til landsins neðan 400 m hæðarlínu þar sem saman getur farið hámarks kolefnisbinding og ræktun nytjaviða. Timburskógar verða felldir og nýttir þegar þeir hafa náð þroska fyrir lokahögg og þá er það komandi kynslóða að ákveða hvort þar verði ræktaður timburskógur á nýjan leik eða eitthvað annað. Miða mætti við að skógarnir innihaldi eitthvert lágmark af birki, t.d. 2-5% til að birkið geti sáð sér út í nærliggjandi umhverfi ef skilyrði eru til þess, t.d. myndað skógarmörk ofan við gróðursettan skóg með tímanum. Mikilvægt er að kynbótastarf í skógrækt hafi góða kjölfestu til að tryggja vaxtarmikinn og hraustan efnivið til skógræktar sem getur tekist á við yfirvofandi loftslagsbreytingar.

Meginmarkmið 3. Skógrækt og skógarnytjar stuðli að atvinnu, nýsköpun og eflingu byggðar með sjálfbærni að leiðarljósi.

- Timbur er náttúrulegt byggingarefni og mikilvægt að við ræktum skóga með sjálfbærum hætti til framleiðslu á eigin náttúrulega byggingarefni. Stærstur hluti láglandis á Íslandi er í eigu bænda og því er mikilvægt að finna leiðir til að viðhalda öflugri timburskógrækt í samstarfi við bændur. Gæta þarf þess að skógurinn verði viðbót við hefðbundna og nýja landbúnaðarstarfsemi og styrki búsetu og fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli. Það skiptir miklu uppá sjálfbærar skógarnytjar að timburskógarnir myndi stærri kjarnasvæði því flutningur timburs er kostnaðarsamur og ákveðin stærðarhagkvæmi mikilvæg. Það mætti leggja meiri áherslu á skipulega ræktun timburskóga með rétttri umhirðu frá gróðursetningu til lokahöggs þar sem náttúruleg skilyrði eru heppileg. Þetta þarf ekki að koma niður á náttúruvernd með neinum hætti ef gætt er að skógarjöðrum og verndun mikilvægra náttúrusvæða eins og t.d. náttúruverndarlög gera ráð fyrir.

Meginmarkmið 4. Skógrækt og skógvernd stuðli að bættum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd, endurheimt vistkerfa og eflingu líffjölbreytni.

- Allur skógur hefur vistfræðileg áhrif á borð við jarðvegsvernd, vatnsmiðlun, skjólmyndun og kolefnisbindingu svo fátt eitt sé nefnt. Telja má að almennt sé sátt um að birki og víðir breiðist út með sjálfsáningu, t.d. út frá eldri skógarreitum eða náttúrulegum skógi þar sem beitarálag er nægjanlega lítið til að leyfa slíka gróðurframvindu. Það yrði langsamlega hagkvæmasta leiðin til ræktunar vistskóga að nýta sér sjálfsáningsargetu birkisins til að nema land í misvel grónum úthaga en það verður ekki gert nema með endurskoðuðu skipulagi sauðfjárbættar. Mjög mikilvægt er að allir aðilar sem fjalla um og hafa hagsmuni af landnýtingu finni nýjar lausnir á beitarskipulagi búfjár til að endurheimta birkiskóglendi Íslands enda er birki eftirsótt planta fyrir beitardýr. Með góðu skipulagi er auðvelt að samræma beit í ræktuðum skógum þar sem notaðar eru trjátegundir sem ekki eru eins eftirsóttar beitarpöntur og íslenska birkið. Því gætu ræktaðir skógar sérstaklega vel á jörðum þar sem einnig er umtalsverð beitarnýting, t.d. í verkefni eins og skógrækt á bújörðum.

Meginmarkmið 5. Skógar og skógrækt stuðli að auknum útivistarmöguleikum almennings og bættri lýðheilsu. Stuðlað verði að þátttöku almennings í skógræktarstarfi.

- Hér er mikilvægt hlutverk ríkis, sveitarfélaga og skógræktarfélaga að veita fólki aðgengi að heppilegum útivistarskógum t.d. í nágrenni þéttbýlis og þar sem eru sérstakar skógi vaxnar náttúruperlur. Hafa þarf í huga vaxandi hættu á gróðureldum og hanna skógana með tilliti til þess sem og takmarka og/eða stýra aðgengi þegar hættan á gróðureldum er mest.

Athugasemdir við „Landsáætlun í skógrækt, sérálit“

Almennt gerir sérálitinu mikið úr mögulegum neikvæðum áhrifum skógræktar og þá nytjaskógræktar sérstaklega, langt umfram það sem fagleg efni gefa tilefni til. Sérálitinu tekur á engan hátt tillit til fjölmargra jákvæðra þátta sem nytjaskógrækt hefur í för með sér bæði umhverfislega og efnahagslega. Hún tekur heldur ekki tillit til þess að nytjaskógrækt er tímabundin ráðstöfun lands til timburframleiðslu og auðveldlega afturkræf auk þess sem slík skógrækt er áhrifamikil í bindingu kolefnis með varanlegum hætti, bæði í formi timburafurða en einnig í kolefnisbindingu í jarðvegi en hin svokölluðu gróðurhúsaáhrif er jú stærsta umhverfisvá heimsins í nútíð og framtíð.

Varðandi „Sérstöðu náttúru Íslands“: Höfundar gera hér mikið úr sérstöðu Íslands vegna tegundafæðar, ungs aldurs Íslands og mótunar af ís, eldi og úthafsloftslags. Höfundar gera hins vegar ekki mikið úr helsta mótunarþætti náttúru Íslands sem er búseta mannsins og hvernig búsetan eyddi skógi sem síðar leiddi af sér víðtæka gróður og jarðvegseyðingu. Stofnstærð fugla hefur auðvitað aðlagast þeim aðstæðum sem eru á landinu í dag en það er galið að nota núverandi stöðu þessara fuglastofna sem notið hafa góðs af opnu landi sem rök gegn skógrækt og sem rök fyrir því að að viðhalda röskuðum vistkerfum, sem eru fyrst og fremst röskuð vegna skógarreyðingar.

Víða kemur fram í sérálitinu tortryggni úti ræktaða skóga og hversu mjög þeir geti mögulega þrengt að búsvæðum mófugla, tegunda sem samanstanda af okkar stærstu fuglastofnum, og eru fyrst og fremst sterkir vegna eyðingu skóga vegna búsetu mannsins. Á það skal bent að nytjaskógrækt fer að hluta til á rýru landi, jafnvel melum eins og dæmin sanna með lerkiskógrækt á N og A-landi, og teljast því ekki til kjörsvæða mófugla. Ræktun skóga tekur nokkur ár og tekur aðeins til hluta þess mólendis sem hér um ræðir og breytingin er hægfara. Þá má spyrja sig hvar voru þessir fuglar við landnám þegar mest allt láglandi var vaxið birki og víði. Að lokum má benda á að í landgræðsluáætlun er gert ráð fyrir uppgræðslu örfoka og illa gróins lands sem mun þróast yfir í mólendi og getur að einhverju leyti myndað nýtt vistikerfi fyrir mófugla á láglandi. Það eru því engin fagleg rök fyrir því að fresta

stórfelldri aukningu skógræktar en auðvitað ber að forðast röskun á líffræðilega mikilvægum svæðum við framkvæmd skógræktar og fylgja lögum um náttúruvernd.

Í sérálitinu er fullýrt að „60 þúsund mófuglar tapi búsvæðum sínum beint undir nytjaskógrækt til 2040. Þá er einnig lagt til að nytjaskógar gætu þakið um 200 þúsund ha lands í lok aldarinnar (eru nú innan við 50 þús ha). Miðað við sömu forsendur má gera ráð fyrir að slík skógrækt fjarlægji varlega áætlað, búsvæði a.m.k. hálftrar milljónar mófugla“. Þessi fullyrðing er algjörlega úr lausu lofti gripin og augljóslega sett eingöngu til höfuðs notkunar á innfluttum trjátegundum. Áhrif skógarins á stofnstærðir er ekki ljós og gæti mögulega verið hið gagnstæða. Í fullyrðingunni er ekki tekið tillit til mótvægisáðgerða vegna landgræðslu og endurheimtar votlendis og á framkvæmdatímanum gefst tími til að taka tillit til mikilvægustu núverandi búsvæða. Þá má benda á að ræktun nytjaskóga felur í sér að skógurinn verði nýttur þegar ákveðnum þroska er náð og þá er valkostur hvort hann skuli endurnýjaður eða ekki svo hér er alls ekki um óafturkræfa framkvæmd að ræða.

Til að skera úr um fagleg ágreiningsefni varðandi áhrif skóga á fuglalíf er eina leiðin að setja af stað sameiginlegt vöktunar og rannsóknaverkefni þar sem fagaðilar í skógrækt, landgræðslu, fuglavernd og náttúruvernd vinna saman og koma í framhaldinu með tillögur að stefnu sem byggir á sameiginlegri þekkingu og rannsóknaniðurstöðum. Þær tillögur hefðu þá áhrif eftir 5-10 ár þegar fyrstu niðurstöður liggja fyrir og má þá nýta inn í endurskoðun landsáætlunar í skógrækt. Undirritaður leggur eindregið til að tillaga að slíku samstarfi verði hluti landsáætlun í skógrækt og þannig verði komið til móts við það sérálit sem hér um ræðir.

Brynjar Skúlason, kt. 211268-5229

Meistarapróf í skógarumhirðu

PhD í skógerfðafræði